

Erindisbréf starfshóps um skipulag Jaðarsbakka – DRÖG 16. maí 2024

Hlutverk og markmið starfshóps:

Fyrirhuguð er mikil uppbygging á Jaðarsbökkum í samræmi við undirritaða viljayfirlýsingu, dags. 7. mars 2023, milli Ísoldar fasteignafélags ehf. (Ísold), Íþróttabandalags Akraness (ÍA), Knattspyrnufélags ÍA (KFÍA) og Akraneskaupstaðar um uppbyggingu hótels, baðlóns og heilsulindar á Jaðarsbökkum Akranesi.

Aðferðafræði:

Starfshópurinn mun taka til starfa sem fyrst og aðstoða skipulagsfulltrúa og verkefnastjóra með umfang og framvindu þessa verkefnis þannig að árangur náist skjótt í samræmi við tímalínu og áfangaskiptingu verkefnisins.. Gert er ráð fyrir auknu vinnuframlagi fulltrúa starfshópsins í þessu verkefni en stefnt skal að því að fundir fari fram á dagvinnutíma

Starfshópurinn skal vinna í nánú samstarfi við skipulags- og umhverfisráð, upplýsi ráðsmenn með reglubundnum hætti um framgang vinnunnar sem og fulltrúa í bæjarstjórn hvort sem það er með framlagningu fundargerða eða kynningarfundum.

Starfshópurinn mun kalla til hagsmunaaðila og leita leiða við að mæta þörfum þeirra og áherslum varðandi uppbyggingu Jaðarsbakka.

Vinnan hópsins skal taka mið af fyrirbyggjandi gögnum starfshóps um stefnumótun Jaðarsbakka og samantekt sem liggur fyrir um verkefnið dags. 15. janúar 2024.

Helstu verkefni:

Meginverkefni starfshópsins verða eftirfarandi:

- Vinna í samræmi við 3 gr. viljayfirlýsingarinnar um aðal- og deiliskipulag Jaðarsbakka en í því felst m.a.:
 - Fullklára deili- og aðalskipulags svæðisins.
 - Auglýsa og kynna skipulagið í samræmi við gildandi lög um skipulagsmál. Jafnframt upplýsa hagsmunaaðila (íbúa) um framvindu verkefnis á heimasíðu Akraneskaupstaðar enda er um er að ræða svæði sem hefur verulegt virði og gildi fyrir samfélagið á Akranesi. Tryggja uppbyggilegt og markvisst samráð við hagsmunaaðila verkefnisins í þessum áfanga.
 - Annað sem kann að skipta máli.

Verklag:

Verkefnastjóri Akraneskaupstaðar, sem er starfsmaður starfshópsins, sér um fundarboðun, fundarritun og eftirfylgni mála. Starfshópurinn skal funda eins oft og þörf krefur. Á fundum starfshópsins skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Fundargerðir starfshópsins skulu lagðar fram í skipulags- og umhverfisráði og skóla og frístundaráði til kynningar.

Laun fulltúa bæjarstjórnar í starfshópnum greiðast samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um þóknunir fyrir nefndarstörf.¹ Þóknun til fulltrúa ÍA og KFÍA fer samkvæmt þeim reglum sem gilda um starfsmenn Akraneskaupstaðar.

Ráðgjöf:

Starfshópurinn getur kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins, sérfræðinga sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni og hagsmunaaðila verkefnisins. Horft skal til að halda verki innan kostnaðarramma fjárhagsáætlunar. Ísold og Akraneskaupstaður gerðu samning við Basalt Akritekta um vegna ráðgjafar við hönnun skipulags á Jaðarsbökkum 7. febrúar 2024.

Starfstími og skil.

Starfshópurinn skal taka til starfa 27. maí 2024. Þegar deili- og aðalskipulag tekur formlega gildi í B-deild Stjórnartíðinda er vinnu starfshóps lokið, en þó eigi síðar en 31. desember 2024.

Fulltrúar bæjarstjórnar í starfshópnum:

- Guðmundur Ingþór Guðjónsson
- Sædís Alexía Sigurmundsdóttir

Fulltrúar Ísoldar í starfshópnum:

- Daníel Rúnarsson

Fulltrúar stjórnar ÍA og stjórnar KFÍA í starfshópnum

- Formaður ÍA, Gyða Bergþórsdóttir
- Formaður KFÍA, Eggert Herbertsson

¹ Vegna aðstæðna sem krefjast mikillar vinnu af hálfu fulltrúa Akraneskaupstaðar í starfshópnum er gert ráð fyrir að þóknun til þeirra beggja miðist við formannskjör.

Starfsmenn starfshópsins:

- Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi
- Valdís Eyjólfsdóttir verkefnastjóri

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 16. maí 2024.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 11. júní 2024

F.h. Akraneskaupstaðar

Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri